

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993.

1. gr.

3. tl. 9. gr. orðast svo:

3. Orkugildi sem gefið er upp skal reiknað út með eftirfarandi breytistuðlum:

Kolvetni (nema pólýólar)	4	kkal/g	og	17	kJ/g
Pólýólar	2,4	kkal/g	og	10	kJ/g
Prótein	4	kkal/g	og	17	kJ/g
Fita	9	kkal/g	og	37	kJ/g
Alkóhól (etanól)	7	kkal/g	og	29	kJ/g
Lífræn sýra	3	kkal/g	og	13	kJ/g
Salatrim	6	kkal/g	og	25	kJ/g

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/120 sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlega EES-nefndarinnar nr. 53/2005 hinn 29. apríl 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 4.500.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal vera kr. 4.500 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem er ákveðið af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.